

A 1691/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Nefndarálit forsætisnefndar um þingmannatillögu um úttekt á Nord Stream 2

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar varðandi þingmannatillögu A 1691/presidiet.

Forsaga

Flokkahópur hægrimanna lagði til:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær láti gera úttekt á Nord Stream 2 út frá sjónarmiðum umhverfis- og öryggismála og varnar- og utanríkismálastefnu.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til sænsku ríkisstjórnarinnar

að hún hafi samráð við grannríkin á Eystrasaltssvæðinu um Nord Stream 2 og veki máls á því við framkvæmdastjórn ESB.

Fjörug umræða varð á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 1. nóvember 2016 þegar tillagan var lögð fram til fyrstu afgreiðslu. Ýmis rök voru færð fyrir tillögunni. Í fyrsta lagi var vísað til umhverfis- og orkumála þar sem Norðurlönd og ESB yrðu háðari gasi frá Rússum. Í öðru lagi til varnar- og öryggismála þar sem staða Eystrasaltssvæðisins er orðin viðkvæmari vegna ólögleggrar innlimunar Rússa á Krímskaga, og eindregins stuðnings þeirra við uppreisnarmenn í Austur-Úkraínu, en þar hafa 10 þúsund manns látið lífið og 20 þúsund særst frá árinu 2014.

Í umræðunni um tillöguna voru eigi færri en 25 innlegg, einkum frá fulltrúum Finnlands í Norðurlandaráði. Margir lýstu yfir efasemdum um tillöguna en aðrir studdu flutningsmenn hennar úr flokkahópi hægrimanna.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Ekki var meirihluti fyrir tillögunni í forsætisnefnd þegar hún var rædd á fundi nefndarinnar 28. nóvember 2016. Fylgjendur tillögunnar sögðu að hér væri norrænt umhverfis- og öryggismál á ferðinni, en andstæðingarnir sögðu tillöguna skorta norræna vídd auk þess sem óljóst væri hvaða gagn Norðurlandaráð ætti að gera í þessu máli.



Gengið var til atkvæða um tillöguna. Fimm greiddu atkvæði með henni og sjö á móti.

Keflavík, 28. nóvember 2016

Erkki Tuomioja (sd)

Henrik Dam Kristensen (S)

Karin Gaardsted (S)

Mikkel Dencker (DF)

Phia Andersson (S)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Fyrirvari

Við gerum fyrirvara við ákvörðun forsætisnefndar um að aðhafast ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1691/presidiet.

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær láti gera úttekt á Nord Stream 2 út frá sjónarmiðum umhverfis- og öryggismála og varnar- og utanríkismálastefnu.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til sænsku ríkisstjórnarinnar

að hún hafi samráð við grannríkin á Eystrasaltssvæðinu um Nord Stream 2 og veki máls á því við framkvæmdastjórn ESB.

Keflavík, 28. nóvember 2016

Hans Wallmark (M)

Michael Tetzschner (H)

Wille Rydman (saml)